

Ársskýrsla stjórnar
Félags ReykjavíkurAkademíunnar
Fyrir starfsárið 2015-2016

Aðalfundur ReykjavíkurAkademíunnar
Föstudaginn 15. apríl 2016, kl. 12:15

Inngangur

Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar (RA) hélt fimm fundi á starfsárinu. Þann 4. maí, 7. október, 12. nóvember, 2. mars og 8. apríl. Á aðalfundi 22. apríl 2015 gengu Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Lilja Hjartardóttir og Guðjón Friðriksson úr stjórn og í stað þeirra voru kosnar þær Björg Árnadóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir. Í framhaldi af aðalfundi skipti stjórnin með sér verkum sem hér segir:

- Ingimar Einarsson, formaður.
- Borgþór Kjærnested, gjaldkeri.
- Björg Árnadóttir, ritari.
- Guðrún Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi.

Á fundunum var fjallað um fjölmörg atriði á vettvangi ReykjavíkurAkademíunnar, svo sem ferðalög, fyrirlestra, námskeið, heimasíðu, inntöku nýrra félaga, félagatal, skemmtanahald, stúdentaborð og fjárhagsstöðu.

Vorferð og sumarhátíð 2015

Um jólin 2014 varð ekkert úr jólatrésskemmtun barnanna á vegum ReykjavíkurAkademíunnar vegna flutninga í ný húsakynni og af ýmsum öðrum ástæðum. Sem sárabót fyrir ungvíðið var því ákveðið að efna til vor- eða sumarhátíðar fyrir börnin. Jafnvel þótt hvorki vorið né sumarið hefðu enn látið sjá sig var blásið til fagnaðar og tvær flugur slegnar í einu höggi. Haldið var út í Viðey laugardaginn 20. júní. Siglt var frá Skarfabryggju kl. 13:15 og snúið aftur heim með bátnum kl. 18:30. Gengið var yfir eyjuna endilanga til austurenda hennar þar sem áður var helsta byggðin og stærsta hafskipahöfn landsins. Alvaran var einnig með í för. Guðjón Friðriksson fræddi okkur um sögu Viðeyjar og afrek Skúla fógeta, auk annars sem hefur sögulegt gildi í eyjunni. Loks var grillað undir vegg skólahússins og börnin léku sér á flötinni framan við húsið. Sælgætið sem ætlunin hafði verið að úthluta um jólin kom síðan í góðar þarfir fyrir bæði börn og fullorðna meðan beðið var eftir bátnum.

Haustferð 2015

Haustferðin 2015 var farin 14. nóvember og lá leiðin nú til Akraness og nágrennis. Aðalleiðsögumaður í ferðinni var hinn nafnkunni Skagamaður Heimir Janusarson. Heimsóknin hófst með því að skoða Sementsverksmiðjuna og hinn svonefnda Sementsverksmiðjureit í fylgd Harðar Helgasonar, fyrrverandi skólameistara og víðfrægs knattspyrnumanns. Hörður lýsti í löngu máli staðháttum og hugmyndum um framtíðaruppbyggingu Sementsverksmiðjureitsins. Ekki minntist hann þó á þátt Marshallhjálparinnr við að koma á fót Sementsverksmiðjunni á sínum tíma. Þar næst var haldið út á Breiðina og gengið upp í Akranesvita undir leiðsögn vitavarðarins, Hilmars Sigvaldasonar. Í Stúkuhúsinu borðuðu menn svo nestið sitt og hlustuðu á Önnu Láru Steindal lesa og ræða um bók sína Undir fíkjuþrénu – sögu Ibrahim Al Danonry Mousa Faraj flóttamanns frá Líbýu um trú, von og kærleika. Byggðasafnið í Görðum var næsti viðkomustaður. Þar tók Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrv. heilbrigðisráðherra, á móti okkur og leiddi okkur um sali safnsins og sagði frá sýningunni „Saga líknandi handa“, sem hún hafði forystu fyrir að setja upp. Ingibjörg er áreiðanlega skemmtilegasti heilbrigðisráðherrann í sögu lýðveldisins. Loks var borðaður kvöldverðar í Mörk í Fannahlíð. Palestínsku flóttakonurnar á Akranesi höfðu eldað þann frábæra mat. Afgangar entust alla næstu viku.

Í öndvegi

Um langt skeið hafa öndvegiskaffið og síðan öndvegisfóðrið verið reglubundar samkomur innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar. Þar hefur félagsmönnum og utanaðkomandi aðilum gefist tækifæri til að kynna verkefni sín og önnur viðfangsefni. Á haustmánuðum 2015 tóku Björg Árnadóttir og Þóra Elfa Björnsson við umsjón þessa viðburðar sem nú nefnist: **Í öndvegi**. Hugmyndin er sú að Í öndvegi verði haldið í hádeginu annan hvern fimmtudag. Fundarefni á dagskránni síðan í haust hafa verið:

- **Hlutverk ESA eftirlitsstofnunar EFTA gagnvart EES samningnum – skipulag og framkvæmd.** Sverrir Haukur Gunnlaugsson, 10. september.
- **Ýmislegt bjástur við útgáfu á Jómsvíkingasögu.** Þorleifur Hauksson, 24. september.
- **U3A Reykjavík.** (The University of the Third Age). Hans Kristján Guðmundsson og Ingibjörg Guðlaugsdóttir, 8. október.
- **Kristján X.** Borgþór Kjærnested, 22. október.
- **Íbúðaráætlanir.** Jón Rúnar Sveinsson, 5. nóvember.
- **Ýmis verkefni.** Björg Árnadóttir, 19. nóvember.
- **Lítið hver um kveðskap og flytja tónlist.** Ragnheiður Ólafsdóttir, 3. desember.
- **Um sögu flugvalla og flugleiðsagnar.** Arnþór Gunnarsson, 14. janúar.
- **Svarta madonnan.** Valgerður H. Bjarnason, 21. janúar.
- **Uppruni hugmyndarinnar um auðlindagjald í íslenskum stjórnámálum.** Björn S. Stefánsson, 26. febrúar.
- **Hamingjurannsóknir.** Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson, 10. mars.
- **Rannsóknir á sviði hinsegin rannsókna.** Íris Ellenberger, 31. mars.
- **Skattamál og skattaskjól.** Indriði H. Þorláksson, 14. apríl.

Kveðskaparnámskeið

Eftir öndvegisspjall Ragnheiðar Ólafsdóttur þann 3. desember kviknaði sú hugmynd að fá hana til að halda námskeið í kveðskaparíþróttinni – þ.e. að kenna fólki að kveða og gefa í leiðinni yfirsýn um fræði sem kveðskapnum tengjast. Með kveðskap er hér ekki átt við skáldskap heldur framsögn stemmnanna sem rímur eru kveðnar eftir. Þetta er annað en söngur – á fremur hliðstæðu í rappi nútímans, og er líkast til sú tónlist Íslandstengd sem á sér elstar rætur, skv. punktum Marðar Árnasonar. Námskeiðið var haldið í febrúar og byrjun mars.

Námskeið um notkun samfélagsmiðla

Dagana 6. og 13. apríl stóð ReykjavíkurAkademían fyrir námskeiði um notkun samfélagsmiðla undir leiðsögn Margeirs Steinars Ingólfssonar, en hann nýtir sér samfélagsmiðla á margvíslegan hátt og hefur að undanfögnu haldið námskeið um notkun þessara miðla við að auglýsa vörur og koma alls konar boðskap á framfæri. Í fyrri tímanum var farið yfir námsefnið þannig að þátttakendur gætu æft sig heima og komið með spurningar í seinni tímann. Ekki var um verklegt námskeið að ræða heldur voru þátttakendum sýndir möguleikar samfélagsmiðla á skjá. Kynntir voru helstu samfélagsmiðlar og notkunarmöguleikar hvers og eins. Mestum tíma var þó varið í að skoða facebook sem er vinsælasti miðillinn hérlendis. Sýnt var hvernig auglýsingar og skilaboð eru gerð, markhópar valdir og markaðsherferð stýrt.

Jólahlaðborð

Jólahlaðborð var að venju haldið þann 11. desember í fundarsalnum á 4. hæð. Demónar komu með margvíslegt góðgæti heimanað frá sér. Það sem á vantaði lögðu grannar okkar í Veislumiðstöðinni til. Ræðumaður kvöldsins var Aðalsteinn Eyþórsson og telja fróðir menn

að aldrei hafi verið flutt önnur eins ræða í þessum húsakynnum. Í húsinu var þó fundarsalur borgarstjórnar um áratugaskeið. Hugvekja Aðalsteins var um aðventuna á Íslandi og öðrum löndum. Komu þar m.a. Jón Ólafsson úr Grunnavík og Jón Gnarr við sögu.

Jólatrésskemmtun

Jólatrésskemmtunin fór fram í húsakynnum Veislumiðstöðvarinnar í Borgartúni 6. Þar sem Carl Jónas Johansen og starfslið hans hjálpuðu okkur við að skapa umgjörð um þessi hátíðarhöld. Um jólin 2014 voru öll hátíðarhöld blásin af sem fyrr getur. Í ár lukkaðist skemmtunin sérstaklega vel og var það ekki síst að þakka líflegum jólasveini og kátum krökkum. Nammipokinn og alls konar kökur og tertur drógu ekki úr ánægjunni.

Sælustund

Endurreisn sælustundarinnar gekk með ágætum þrátt fyrir að flutningarnir frá JL-húsinu hefðu næstum gengið frá henni dauðri. Aðalsteinn er meira að segja byrjaður aftur að efna til bókmenntagetrauna. Í byrjun nóvember var safnað saman nýjum og gömlum félögum til gleðskapar eða alsælustundar eins og einhver kallaði viðburðinn. Þótti vel til takast og er talið víst að framhald verði á slíkum samkomum.

Heimasíða

Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar hefur um langt skeið haft miklar áhyggjur af þróun heimasíðunnar. Þrátt fyrir góð áform og samþykktir gegnum árin hafa mál þróast á verri veg. Nú þarf því að grípa til aðgerða til að færa heimasíðuna nær nútímanum eða hanna algjörlega nýja heimasíðu. Stjórnin fagnar því að nýr starfsmaður Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar er kominn til starfa í ReykjavíkurAkademíunni. Sem menntaður bókasafns- og upplýsingafræðingur ætti Kristjana að hafa allar forsendur til að lyfta Grettistaki í upplýsingatæknimálum stofnunarinnar.

Inntökunefndin

Um nokkurt skeið hefur verið rætt um að koma betra skikki á inntöku nýrra félaga og úthlutun skrifstofuaðstöðu í húsakynnum stofnunarinnar. Inntökunefndin hefur hist reglulega liðið starfsár og farið yfir umsóknir og heimilað aðild að félaginu og afnot af skrifstofum. Enn fremur er unnið að því skilgreina betur verkferla og kröfur um aðild að félaginu.

Félagatal

Félagatalið er mikilvægt til þess að vita hverjir eru meðlimir í félaginu og um leið er það undirstaða fjáröflunar fyrir starfsemina. Það er því mikið ánægjuefni að geta upplýst að allt utanumhald um félagatalið er nú betra en verið hefur mörg undanfarin ár. Um s.l. áramót voru borgandi félagsmenn alls 217.

Stúdentastofa/stúdentaborð

Útleiga á skrifstofuaðstöðu fyrir stúdenta fór úr skorðum í tengslum við flutningana. Á árinu samþykkti stjórn félagsins að leggja, að tillögu RA-sesins, 12 þús. kr. á mánuði til stúdentaborðs og er þess vænst að það verði eftirsóknarvert fyrir háskólastúdenta að nýta þessa aðstöðu.

Fjárhagsstaða FRA

Samkvæmt rekstrar- og vaxtaeikningum er fjárhagsstaða félagsins með miklum ágætum. Þann 1. janúar 2016 voru alls 777.039 kr. inni á reikningum félagsins. Vegna erfiðrar fjárhagsstöðu sjálfseigarstofunarinnar hefur verið rætt um að félagið komi meira að því að styrkja fræðilega viðburði og verkefni á vegum ReykjavíkurAkademíunnar og í samstarfi við aðra aðila.